



VISTVÆNN ATVINNUKJARNI Í LANDI BLIKASTAÐA

Umhverfisskýrsla



Mái 2020



Verknúmer: 08100	SKÝRSLA NR.: 1	DREIFING:
	ÚTGÁFU NR.:	☒ OPIN
	DAGS.: 2020-05-28	☐ LOKUÐ TIL
	BLAÐSÍÐUR:	☐ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
	UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:
Blikastaðir – sjálfbær atvinnukjarni. Umhverfisskýrsla

HÖFUNDAR: Haukur Þór Haraldsson Erla Bryndís	VERKEFNISSTJÓRI: Haukur Þór Haraldsson
--	---

UNNIÐ FYRIR: Reiti UMSJÓN: Íris Þórarinsdóttir	SAMSTARFSADILAR:
---	------------------

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

ÚTDRÁTTUR:
Í þessari skýrslu er fjallað um umhverfisáhrif áætlana í sambandi við deiliskipulag Blikastaða í Mosfellsbæ.

LYKILORÐ ÍSLENSK: Deiliskipulag, umhverfisáhrif, skipulagsáætlanir,	LYKILORÐ ENSK:
--	----------------

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:	YFIRFARIÐ AF:
	EBK

© Geta skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
Myndaskrá.....	ii
Töfluskrá.....	iii
1 Inngangur	1
1.1 Almennt	1
1.2 Efni skipulags	1
1.3 Tengsl við aðrar áætlanir	2
1.3.1 Deiliskipulag.....	2
1.3.2 Aðalskipulag.....	3
1.3.3 Svæðisskipulag	4
1.3.4 Samræmi við gildandi skipulag	4
1.4 Matsskylda.....	5
1.4.1 Umhverfismat áætlaða.....	5
1.4.2 Aðferðir við umhverfismat og umhverfispættir sem talið er að hafi áhrif.....	6
1.5 Viðmiðun við mat á áhrifum	7
2 Umhverfismat.....	9
2.1 Almennt	9
2.2 Valkostir	9
2.3 Ásýnd og landslag	9
2.4 Menningarminjar	10
2.5 Náttúruminjar	12
2.6 Grunnvatn/vatnafar	13
2.7 Vistkerfi.....	14
2.8 Umferð og samgöngur.....	17
2.9 Heilsa og öryggi	18
2.10 Samfélag	20
2.11 Náttúruvá	20
2.12 Óbreytt landnotkun	20
2.13 Samantekt umhverfispáttá.....	21
3 Niðurstaða umhverfismats	Error! Bookmark not defined.
4 Vöktun/eftirfylgni	22
5 Heimildir	23

Myndaskrá

Mynd 1.1 Skyggða svæðið sýnir deiliskipulagssvæði Blikastaðalands. Gula brotalínan sýnir fyrirhugaða legu borgarlínu.	1
Mynd 1.2 Deiliskipulagsuppdráttur fyrir Blikastaðaland.	2
Mynd 1.3 Yfirlitsuppdráttur.....	5
Mynd 2.1 Horft yfir skipulagssvæðið úr vestri.	9
Mynd 2.2 Myndin sýnir gróður og græn þök á deiliskipulagssvæðinu.....	10
Mynd 2.3 Skráningarsvæðið; rauða lína liggur utan um deiliskipulagsreitinn	11
Mynd 2.4 Myndin sýnir færslu á göngustíg út fyrir hverfisverndarmörk og nýtt votlendi og gróðurfláka ofan hans.....	13
Mynd 2.5 Myndin sýnir flóðaútbreiðslu fyrir flóð í Úlfarsá.....	16
Mynd 2.6 Myndin sýnir hvernig gróður skipar mikilvægan sess í skipulaginu og byggðin er í um 100 m. fjarlægð frá árbakka.....	17

Mynd 2.7 Myndin sýnir borgalínu og önnur samgöngumannvirki í Blikastaðalandi.....	18
Mynd 2.11 Myndin sýnir hljóðstig við Vesturlandsveg og efri hluta deiliskipulagssvæðisins.	19

Töfluskrá

Tafla 1.1 Yfirlit yfir umhverfispætti og þær megin matsspurningar sem umhverfismatið byggir á.....	6
Tafla 1.2 Skilgreining á vægiseinkun sem notaðar eru við mat á umhverfisáhrifum	7
Tafla 2.1 Samantekt umhverfispátta sem skipulagstillagan hefur áhrif á	21

1 Inngangur

1.1 Almenn

Umhverfisskýrsla þessi er unnin sem hluti af deiliskipulagi fyrir atvinnukjarna í landi Blikastaðaland. Um er að ræða atvinnukjarna þar sem gert er ráð fyrir þjónustu og þrífalegri atvinnustarfssemi. Blikastaðaland er í dag opið svæði og óbyggt. Framræstar mýrar eru áberandi og merki um landbúnað og trjárækt frá fyrri tíð. Svæðið afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs og ánni Korpu til vesturs. Í þessari skýrslu eru tekin saman heildar umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda.




Mynd 1.1 Skyggða svæðið sýnir deiliskipulagssvæði Blikastaðalands. Gula brotalínu sýnir fyrirhugaða legu borgarlínu.

1.2 Efni skipulags

Deiliskipulagið byggir á þróunaráætlun frá júní 2018 sem Alta vann fyrir Reiti. Markmið við vinnslu deiliskipulagstillögunnar var að deiliskipuleggja svæði undir blöndu af verslun og þjónustu og léttari og þrífalegri atvinnustarfssemi. Áhersla var lögð á að starfssemi veljist á svæðið sem er með þeim hætti að hverfið verði líflegt. Því verður vandað til ásýndar hverfisins og gætt að verndun náttúru og lífríkis, sérstaklega í norðvestur jaðri svæðisins þar sem áin Korpa rennur. Verkefnið var unnið í nánú samráði við skipulagsfyrirvöld Mosfellsbæja. Deiliskipulagið var unnið eftir *Breeam communities* staðli um vistvænt skipulag.

Gert er ráð fyrir allt að 100 þús. fermetrum af húsnæði á svæðinu. Meðal helstu markmiða með deiliskipulaginu er að halda í og skapa græna ímynd byggðar og umhverfis m.a. með ofanvatnslausnum og gróðri. Að fella lóðir, byggingar og götur að landi og náttúrulegum staðháttum eins og hægt er og

að notaðar verði vistvænar ofanvatnslausnir innan svæðisins til að tryggja náttúrulega hringrás vatns, góða hreinsun og jafnt afrennsli vatns frá svæðinu. Nálægð við ána Korpu er eitt af sérkennum þessa svæðis og því er mikið lagt upp úr verndun hennar.



Mynd 1.2 Deiliskipulagsuppdráttur fyrir Blikastaðaland.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

1.3.1 Deiliskipulag

Á stærstum hluta deiliskipulagsvæðisins er ekkert deiliskipulag í gildi. Við Vesturlandsveg og Korpúlfsstaðaveg yfir Úlfarsá er í gildi deiliskipulagið *Korpúlfsstaðavegur* sem var samþykkt 29. des. 2005. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir mismögum gatnamótum sunnan hringtorgs á Vesturlandsvegi og hringtorgið sagt til bráðabirgða. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir tengibraut til Reykjavíkur, þar sem nú er gert ráð fyrir Borgarlínu. Skipulagssvæði deiliskipulagsins frá 2005 og skipulagssvæði nýs deiliskipulags skarast. Samhliða auglýsingu nýs deiliskipulags þarf því að breyta mörkum fyrra deiliskipulags og samræma/aðlaga það að nýju deiliskipulagi. Annar kostur er að fella fyrra skipulag inn í hið nýja. Ekkert deiliskipulag er í gildi í næsta nágrenni, norðan eða austan þessa svæðis.

Vestan deiliskipulagssvæðisins, í landi Reykjavíkurborgar, er í gildi deiliskipulagið *Korpúlfsstaðavöllur, golfvöllur* sem var samþykkt 8. maí 2008. Skipulagið liggur að sveitarfélagsmörkum og er ætlað fyrir golfvöllinn Korpúlfsstaðavöll ásamt því að Úlfarsá (Korpa) nýtur hverfisverndar að brú yfir ána.

Í næsta nágrenni eru einnig í gildi þrjár deiliskipulagsáætlanir í landi Reykjavíkurborgar, þ.e. *Stekkiarbrekkur* frá 2005, *Staðahverfi og nágrenni* frá 1995 og *Kirkjuagarður við Úlfarsfell* frá 2016.

1.3.2 Aðalskipulag

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 19. sept. 2013 og tók gildi 3. okt. sama ár. Skipulaginu hefur verið breytt 10 sinnum en engin breyting varðar deiliskipulagsvæðið. Samkvæmt aðalskipulaginu er svæðið, sem deiliskipulagið tekur til, skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði á svæðinu sem er merkt 128-V/A. Íbúðarbyggð er ekki tilgreind innan svæðisins.

Skipulagsákvæði fyrir reit 128-V/A er:

„Bæjarkjarni, blönduð landnotkun; verslunar- og þjónustusvæði/athafnasvæði.

Lágmarksnýtingarhlutfall svæðisins er 0,4.“

Í aðalskipulaginu er fjallað um samræmi landnotkunar á reitnum við þágildandi svæðisskipulag, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024, þar kemur fram að

„Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir svonefndum bæjarkjarna við bæjarmörk Reykjavíkur sunnan Blikastaðalands svæði nr. 128-V/A. Á svæðinu er skilgreind blönduð landnotkun fyrir verslunar- og þjónustusvæði/athafnasvæði. Blönduð landnotkun felur í sér að á svæðinu getur verið smásöluverslun og skrifstofuhúsnæði hvers konar auk þeirrar starfsemi sem felst í skilgreiningu athafnasvæða. Svæðið tengist bæði fyrirhugaðri byggð í Blikastaðalandi og suðurhlíðum Úlfarsfells. Mosfellsbær og Reykjavíkurborg gerðu sérstakan samning þar sem kveðið er á um að í kjarnanum verði samhæft verslunar- og þjónustusvæði sem þjóni öllum norðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Svæðið getur fullbyggt rúmað um 600–800 störf í verslun, þjónustu og athafnastarfsemi.“

Úlfarsá nýtur hverfisverndar merkt 129-HV, en svæðið er á náttúruminjasrá. Hverfisverndin nær til 100 m breiðs beltis á austurbakka árinna. Hverfisverndarákvæði aðalskipulagsins sem varða svæði Úlfarsár eru:

- *Gróður skal þróast á eigin forsendum og ekki skal raska jarðmyndunum.*
- *Ekki er leyfð framræsla votlendis.*
- *Skógrækt skal halda í lágmarki.*
- *Stuðla skal að bættu aðgengi fyrir fótgangandi vegfarendur.*
- *Þar sem aðstæður leyfa skal stuðla að umhverfisfræðslu með skiltum og fræðslustígum.*
- *Mannvirkjagerð er takmörkuð innan svæðisins en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar. Stígar skulu fyrst og fremst vera malarstígar nema um sé að ræða meginstíga skv. aðalskipulagi og skulu þeir falla vel að landi. Vanda skal útfærslu nauðsynlegra göngubrúa og forðast umhverfisskemmdir eins og kostur er.*
- *Þar sem vegir þvera hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi skal vanda útfærslu brúa, lágmarka rask á vatnsbökkum og vanda umhverfisfrágang.*
- *Ofanvatni af föstum flötum (þökum, götum, bílastæðum) í nýrri byggð skal ekki veitt óhreinsuðu í árnar.*

Norðan deiliskipulagsvæðisins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð merkt 124-Íb sem er ætlað fyrir blandaða byggð fjölbýlis- og sérbýlishúsbyggð. Aðalskipulagið gerir einnig ráð fyrir aðalgöngustíg meðfram hverfisverndarsvæðinu með tengingu inn í deiliskipulagssvæðið. Tengibraut liggur um svæðið til norðausturs. Í aðalskipulaginu kemur fram að uppbygging tengibrauta muni fylgja uppbyggingu íbúðarhverfa og athafnasvæða. Önnur aðliggjandi svæði eru skilgreind sem óbyggð svæði.

Á aðalskipulagsuppdraetti er lega nýrra tengibrauta sýnd í grófum dráttum en nánari útfærsla þeirra verði ákveðin í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Tilgreint er að hámarkshraði á tengibrautum sé 50 eða 30 km/klst. Stofnbrautir eru tilgreindar Vesturlandsvegur, Hafravatnsvegur og Þingvallavegur. Ekki er fjallað um Borgarlínu í gildandi aðalskipulagi, enda unnið í samræmi við þágildandi svæðisskipulag. Þar kemur þó fram að:

„Við skipulag nýrra íbúðarhverfa og hönnun gatnakerfis skal taka mið af þörfum almenningssamgangnakerfis þannig að á hverjum tíma verði unnt að veita bæjarbúum góða og aðgengilega þjónustu á því sviði. Bæði skal hugað að almenningssamgöngum innanbæjar, t.d. tengslum íbúðarhverfa við miðbæ, skóla og helstu atvinnusvæði, og samgöngum við nágrannasveitarfélög vegna talsverðrar vinnusóknar Mosfellinga þangað.“

Vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar er hafin. Sú endurskoðun mun taka mið af nýju svæðisskipulagi sem tók gildi árið 2015. Gert er ráð fyrir að endurskoðað aðalskipulag taki gildi vorið 2022.

1.3.3 Svæðisskipulag

Gildandi aðalskipulags Mosfellsbæjar tekur mið af þágildandi svæðisskipulagi, *Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024*, sem var staðfest 20. desember 2002 og tók gildi 10. janúar 2003. Í svæðisskipulaginu frá 2003 er gert ráð fyrir svonefndum bæjarkjarna við bæjarmörk Reykjavíkur sunnan Blikastaðalands, þar sem efla má ýmis konar skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Í svæðisskipulaginu er fjallað um almenningssamgöngur og lestarsamgöngur og sporbundin umferð nefnd í því sambandi og er svæðisskipulagið opið fyrir nýjum möguleikum að þessu leyti.

Nýtt svæðisskipulag, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, tók gildi 14. júlí 2015. Síðar var gerð breyting sem tók gildi 28. maí 2018. Breytingin varðar borgarlínu ásamt uppbyggingu í kjörnum og samgöngu- og þróunarásum. Þar kemur fram að hágæðakerfi almenningssamgangna sé hryggjarstykkið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040 og að Borgarlína sé lykilverkefni í samgöngum sveitarfélaganna. Þar segir m.a.:

„Borgarlína er grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og þróunarásum og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka. Gert er ráð fyrir auknum byggingarheimildum á þróunarásum hennar og dregið úr kröfum um fjölda bílastæða, sem gerir byggingaraðilum kleift að byggja á þéttingarsvæðum með hagkvæmari hætti.“

Eitt af markmiðum (1.2)svæðisskipulagsins er að:

„Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%.“

Í svæðisskipulaginu er tilgreint að einn af samgöngu- og þróunarásum sem tengja saman sveitarfélögin liggja í Mosfellsbæ í gegnum Keldur. Lögð er áhersla að á að á þróunarsvæðum Borgarlínu verði gert ráð fyrir blöndun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Auk íbúðarhúsnæðis er gert ráð fyrir að áhersla sé lögð á uppbyggingu og að staðsetja verslun, þjónustu, stofnanir og opinbera þjónustu á þróunarsvæðum Borgarlínu. Einnig er lögð áhersla á fjölbreytta húsnæðiskosti og gæði hins byggða umhverfis. Auk þess eru kröfur um bíla- og hjólastæði.


1.3.4 Samræmi við gildandi skipulag

Deiliskipulagið er í samræmi við *Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030* m.s.br. að því leyti að það gerir ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði á svæðinu sem er merkt 128-V/A. Aðalskipulagið fjallar ekki um Borgarlínu en gerir ráð fyrir tengibraut þar sem nú er gert ráð fyrir Borgarlínu samkvæmt gildandi svæðisskipulagi. Deiliskipulagið er í samræmi við svæðisskipulag *Höfuðborgarsvæðið 2040* m.s.br. sem gerir ráð fyrir Borgarlínu og þéttingu byggðar á þróunarsvæðum hennar með áherslu á blöndun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Við endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar verður tekið mið af gildandi svæðisskipulagi og því líklegt að stefna Borgarlínu verði ríkur þáttur í endurskoðaðri stefnu sveitarfélagsins sem áætlað er að taki gildi árið 2022. Það sama á við um hlutfall íbúðarbyggðar á svæðinu.

Deiliskipulagið er í góðu samræmi við hverfisvernd á svæðinu og ákvæði hennar.

Deiliskipulagið skarast að einhverju leyti við gildandi deiliskipulag, *Korpúlfsstaðavegur*, frá 2005 og samræma þarf því deiliskipulagáætlanir á svæðinu.

Verslunar og athafnasvæði í Blikastaðalandi deiliskipulag



Mynd 1.3 Yfirlitsuppráttur.

1.4 Matsskylda

1.4.1 Umhverfismat áætlana

Skipulagsáætlunir sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.¹ Deiliskipulagsáætlun var kynnt fyrri skipulagsnefnd Mosfellsbæjar 16. ágúst 2019.² Eftirtaldir umhverfispættir hafa verið metnir við gerð skipulagsins:

- Ásýnd og landslag
- Menningarminjar
- Náttúruminjar
- Vistkerfi
- Grunnvatn/vatnsgæði
- Umferð og samgöngur
- Heilsa og öryggi
- Samfélag
- Náttúruvá

¹ Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

² Arkís. Verslunar- og athafnasvæði í Blikastaðalandi Skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag. Unnið fyrir Reiti, ágúst 2019.



1.4.2 Aðferðir við umhverfismat og umhverfisþættir sem talið er að hafi áhrif

Í þessari umhverfisskýrslu verður lagt mat á umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins. Þeir umhverfisþættir sem skipulagstillagan eru talin geta valdið áhrifum eru eftirfarandi eins og sést í töflunni hér að neðan:

Tafla 1.1 Yfirlit yfir umhverfisþætti og þær megin matsspurningar sem umhverfismatið byggir á

Umhverfisþættir	Matsspurningar	Viðmið
Ásýnd og landslag	Byggðamynstur Yfirbragð opinna svæða Náttúrulegt landslag Atvinnutækifæri	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69. gr.
Náttúru- og menningarminjar	Fornminjar Búsetu- eða menningarlandslag Friðlýst svæði Svæði á náttúruminjasrá	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Fornleifaskráningar. Náttúruverndarlög nr. 60/2013. Náttúruminjasrá
Náttúrufar og dýralíf	Líffræðilegur fjölbreytileiki · Vistsvæði fugla · Búsvæði dýra/gróðurs · Viðkvæm náttúra	Náttúruverndarlög nr. 60/2013. Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Skýrsla um fuglalíf á Álftanesi frá 2014
Grunnvatn/vatnsgæði	Vatnsverndarsvæði · Votlendissvæði · Strandsvæði	Náttúruverndarlög nr. 60/2013. Náttúruminjasrá Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur borgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar
Umferð og samgöngur	Umferðargreining unnin með skipulagsvinnu	Markmið í gildandi aðalskipulagi
Heilsa og öryggi Hljóðvist Loftgæði	Umferðaröryggi · Hljóðvist · Svífryk	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Lög um loftslagsmál nr.

Umhverfisþættir	Matsspurningar	Viðmið
	- Losun gróðurhúsalofttegunda - Flóðahætta - Náttúruvá	70/2012. Markmið í gildandi aðal skipulagi
Samfélag	- Þjónusta við íbúa - Fjölbreytt samsetning atvinnutækifæra - Aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru	Markmið í gildandi aðal skipulagi
Náttúruvá	Hætta vegna flóða í Korpu	Stefna í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015-2017 Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð 2018

1.5 Viðmiðun við mat á áhrifum

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa er sett fram hér í eftirfarandi töflu, til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunar. Taflan hér að neðan sýnir vægi áhrifa á umhverfisþætti, skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

Tafla 1.2 Skilgreining á vægiseinkun sem notaðar eru við mat á umhverfisáhrifum

Texti	Texti	Texti
Verulega jákvæð áhrif	++	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni /áætluninni er oftast varanleg. - Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	+	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf.

Texti	Texti	Texti
		- Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg	0	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. - Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. - Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.
Talsverð neikvæð	-	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. - Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	--	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. - Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. - Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óvissa um áhrif/ vantar upplýsingar	?	- Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. - Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

2 Umhverfismat

2.1 Almennt

Á skipulagssvæðinu sjálfu eru framræst tún og er svæðið nokkuð gróið. Svæðið liggur að Úlfarsá en lóðarmörk lands Reita eru 50 metra frá miðjum árfarveginum. Lax er í ánni, lífríki og gróðurfar meðfram henni er auðugt og fuglalíf er fjölbreytt.



Mynd 2.1 Horft yfir skipulagssvæðið úr vestri.

2.2 Valkostir

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 100 þúsund fermetrum af húsnæði auk umferðarmannvirkja. Til að vernda náttúru og stuðla að umhverfisvernd er stuðst við blágrænar ofanvatnslausnir við stjórnun og hreinsun ofanvatns. Rástafanir verðra gerðar til að draga úr umferð sem og mengun almennt. Stuðlað verður að vistvænum samgöngum og nýtingu hreinna orkugjafa. Sérstaklega verður hugað að ljósvist og myrkurgæði til að draga úr áhrifum á samfélag og náttúru. Mikið verður lagt uppúr gróðri á svæðinu.

Valkostir sem skoðaðir verða er núllkostur þar sem miðað er við óbreytt ástand.

2.3 Ásýnd og landslag

Skipulagssvæðið er opið svæði. Svæðið allt hefur yfirbragð ræktarlands með túnum og framræsluskurðum sem nú eru komin í órækt. Aðeins örlar á gisnum trjágróðri og skjólbeltum. Lúpína er víða. Næsta nágrenni ber einnig merki um landbúnaðarnota. Engin byggð liggur að landi Reita. Handan Vesturlandsvegar eru hlíðar Úlfarsfells en fjallið er vinsælt til útivistar og þaðan er gott útsýni yfir höfuðborgarsvæðið. Í hlíðum Úlfarsfells er skógræktarsvæðið í Hamrahlíð og þar eru gönguleiðir, bæði um skóginn og upp á fjallið. Vestan þess eru golfvöllir og bærinn Korpúlfsstaðir. Aðeins markar fyrir menningarminjum á norðausturhluta svæðisins.

Áhrif á ásýnd og landslag:

Ásýnd mun gjörbreytast ef á svæðinu rís það athafnasvæði sem stefnt er að. Svæðið breytist úr því að vera óbyggt með öllu yfir í að vera nokkuð þéttur kjarni mannvirkja.

Mótvægisáðgerðir

Markmið deiliskipulagsins er að bæta ásýnd byggðarinnar með fallegum, lágreistum mannvirkjum. Mikið verður lagt uppúr gróðri m.a á þökum og á bílastæðum og á grænum svæðum milli lóða. Mikið verður plantað af trjám. Vatn mun renna í lækjum eftir yfirborði. Ætlunin er að reka gróðurhús á miðju athafnasvæðinu til að undirstrika tengingu við sjálfbærni. Í deiliskipulaginu er miðað við að tryggja notendum svæðisins aðgang að grænu umhverfi og aðgang að útivistarsvæðum. Úlfarsá mun áfram njóta sín í útjaðri svæðis og það verður á engan hátt þrengt að henni.

Áhrif á ásýnd verða talsverð neikvæð.



Mynd 2.2 Myndin sýnir gróður og græn þök á deiliskipulagssvæðinu.

2.4 Menningarminjar

Á svæðinu er að finna fornleifar frá bænum Hamrahlíð en búið var þar frá ca. 1855 til ársins 1920. Leifar af sjálfu bæjarstæðinu eru ekki sýnilegar á yfirborði en minjar tengdar búskapnum eru enn þá sumar hverjar sýnilegar. Rýrar heimildir eru til um þessa búsetu hvenær hún hófst og hvenær henni lauk. Til er Túnakort frá 1916 sem sýnir bæjarstæði ásamt útihúsum og túngarði á þeim tíma. Ekki er ljóst hvort svæðið hafi verið nýtt áður en býli Hamrahlíð var reist þar. Allar fornleifar í kringum bæjarstæðið eru friðaðar samkvæmt lögum og þarf því að fara nánari rannsókn á þeim ef byggt verður á því svæði.

Á svæðinu er að finna vegagerð og sennilega grunn undan bragga frá stríðsárunum, frekari heimildaöflun myndi þó þurfa að fara fram til að skera úr um hvort þær séu frá þeim tíma eða ennþá yngri. Það er allt sem bendir til þess að þessar minjar séu ekki mjög gamlar og því ekki friðaðar.

Minjarnar hafa verið mældar upp.³ Rétt utan við framkvæmdasvæðið er að finna forna leið og vað og hafa þær minjar verði skráðar og mældar upp.



Mynd 2.3 Skráningarsvæðið; rauða lína liggur utan um deiliskipulagsreitinn

Áhrif á menningarminjar:

Minjar um bæinn Hamrahlíð munu fara undir byggð. Minjarnar verða rannsakaðar nákvæmlega og samvinnu við yfirvöld áður en til þess kemur.

Mótvægisáðgerðir:

Allar fornleifar í kringum bæjarstæðið eru friðaðar samkvæmt lögum og því munu fara fram nánari rannsóknir á þeim áður en svæðið verður byggt. Búið er að kynna Minjastofnun Íslands stöðu mála og stofnunin hefur sett skilyrði um rannsókn.

Ekki er ljóst hvort svæðið hafi verið nýtt áður en býli Hamrahlíð var reist þar. Því er hugsanlegur möguleiki á enn eldri minjum á svæðinu. Finnist fornminjar við byggingu svæðisins sem áður voru ókunnar skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem hægt er og óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfir Minjastofnunar.⁴ Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög.⁵ Minjarnar fara forgörðum en til mótvægis kemur að þær verða rannsakaðar og skráðar í aðdragandanum sem dregur úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar.

Framkvæmdin mun hafa talsverð neikvæð áhrif á menningarminjar.

³ Freya Sadarangani, James Stuart Taylor, Oddgeir Hansson og Magnús Á Sigurgeirsson (2005). *Fornleifakönnun í landi Úlfarsár*. Fornleifastofnun Íslands FS289-05231

⁴ 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012

⁵ Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Margrét Valmundsdóttir (2019). *Hamrahlíð í landi Blikastaða Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. ANTIKVA EHF 2019

2.5 Náttúruminjar

Við Korpu er 50 metra breið ræma sem er hverfisvernduð, með auðkenni 129-Hv. Hverfisverndin felur í sér að gróður skuli þróast á eigin forsendum, votlendi verndað, skógrækt skuli vera í lágmarki og gott aðgengi sé tryggt með stígum.⁶ Hliðstæð ákvæði gilda um farveg Korpu í aðalskipulagi Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því að bakkar árinna nýtist til útivistar og um þá gildir hverfisvernd á sömu nótum og í aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Í Náttúruminjaskrá eru Úlfarsá og Blikastaðakró flokkuð sem „aðrar náttúruminjar“.⁷ Eftirfarandi texti er úr Náttúruminjaskrá:

130. Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda,8 eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.

Í kafla 5.1.2 í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar stendur jafnframt:

Á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá skal farið varlega í framkvæmdir ef talin er hætta á röskun náttúruminja og samráð haft við Umhverfisstofnun, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Óshólmar Leirvogsár ásamt strandlengju og fjörum Leirvogs, Blikastaðakró, Varmá, bakkar Úlfarsár og nánasta umhverfi Tröllafoss eru jafnframt skilgreind sem hverfisverndarsvæði, sbr. kafla 5.2.1

Austan Vesturlandsvegur er skógræktarsvæðið í Hamrahlíð sem er vinsælt útivistarsvæði, en til vesturs er Korpúlsstaðavöllur.

Áhrif á náttúruminjar

Ef ekki er gætt að getur byggðin þrengt að ánni og haft áhrif á lífríki hennar og náttúru. Ofanvatn getur haft slæm áhrif ef það kemst óhreinsað í ána.

Mótvægisáðgerðir

Með deiliskipulaginu er byggð færð fjær árbakka en gert er ráð fyrir í gildandi verndarákvæðum. Byggð mun hvergi fara nær bakkanum en 100 metra. Ánni og náttúrufari árbakkanna verður leyft að þróast á eigin forsendum án inngripa. Í deiliskipulaginu er gerð tillaga um að færa stíg að hverfisverndarmörkum og láta hann mynda öryggisfyrirstöðu fyrir ofanvatn. Þá myndast votlendisfláki milli stígs og byggðar og tækifæri til að gróðursetja trjágróður og leyfa votlendisgróðri að þróast.

⁶ Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 – 2013 bls. 63 – 68.

⁷ Náttúruminjaskrá. Náttúrufæðistofnun Íslands. Sótt á: <https://natturuminjaskra.ni.is/>



Mynd 2.4 Myndin sýnir færslu á göngustíg út fyrir hverfisverndarmörk og nýtt votlendi og gróðurfláka ofan hans.

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á náttúruminjar.

2.6 Grunnvatn/vatnafar

Svæðið hefur verið ræst fram að stærstum hluta. Undir Vesturlandsveg eru fjögur ræsi sem flytja vatn inn á svæðið frá Úlfarsfelli. Vatnið rennur svo áfram til Korpu um skurði á svæðinu.

Áhrif á grunnvatn/vatnafar

Almennt hefur byggð miklar breytingar á vatnabúskap og grunnvatnsstöðu í för með sér. Talsverð jarðvegsskipti fara fram. Hluti lands hækkar og verður ógegndræpt á yfirborði auk þess sem grunnvatnsstaða lækkar öllu jafna vegna dren- og regnvatnskerfa. Afrennsli af yfirborði eykst og verður hraðara, mengun af yfirborðsflötum er hleypt í viðtaka með neikvæðum áhrifum á svæðið og umhverfið í kring.



Mótvægisáðgerðir:

Blágrænar regnvatnslausnir er leið til að draga úr umhverfisáhrifum byggðar og deiliskipulagið gerir ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum frá upphafi. Allur undirbúningur byggðar á Blikastaðum miðar að því að blágrænar ofanvatnslausnir verði nýttar við stjórnun ofanvatns og að vatn frá Úlfarsfelli haldi áfram að renna í opnum farvegi.

Með blágrænum ofanvatnslausnum er ofanvatn meðhöndlað í keðju lausna sem setja sterkan svip á umhverfið. Blágrænar ofanvatnslausnir hreinsa ofanvatnið og hleypa því niður í jarðveginn um gegndræp yfirborð sem næst þeim stað sem regnvatn lendir. Það vatn sem ekki nær að síga niður í jarðveginn er leitt áfram í næsta hluta keðjunnar.

Á deiliskipulagssvæðinu verður notast við blágrænar ofanvatnslausnir með þeim markmiðum að:

- líkja eftir náttúrulegum ferlum
- hreinsa ofanvatnið
- vernda Korpu
- skapa fallegt og grænt umhverfi
- minnka og hægja á rennsli
- styðja við líffræðilegan fjölbreytileika

Áhrif á grunnvatn/vatnafar verða engin eða óveruleg.

2.7 Vistkerfi

Rannsóknir á lífríki svæðisins snúa flestar að Úlfarsásvæði í heild sinni. Blikastaðaland og sá partur árinna sem hefur snertiflöt við framkvæmdina er aðeins lítill hluti þess svæðis.

Neðan Vesturlandsvegar liðast Úlfarsá lygn um land sem er að mestum hluta raskað. Um er að ræða ræktarland sem mótað af landnotkun (tún, trjárækt, hrossabeit o.fl.) allt til ósa.

Svæðið er gróið og fjölbreytt fuglalíf er við ána allt árið. Á Úlfarsásvæðinu neðan Vesturlandsvegar hafa verið skráðar 127 tegundir háplantna og 45 tegundir fugla.⁸ Auðugt lífríki, gróðurfar og fuglalíf er til komið vegna fjölbreytilegs landslags og samspils árinna, árbakkans, votlendisins og mólendisins í nágrenninu. Botndýralíf einkennist, eins og oft er með dragár, af frekar litlum þéttleika en miklum fjölbreytileika. Fjölbreytileikinn eykst þegar neðar dregur í ánni.⁹ Lífríki Úlfarsásvæðisins, gróðurfarið og fuglalífið mynda vistfræðilega heild.

Ástand stofna laxfiska hefur verið vaktað árlega í Úlfarsá frá árinu 1999 og upplýsingar úr stangveiði verið skráð rafrænt frá 1974. Að jafnaði hefur seiðaástandið verið rannsakað á fimm til sex stöðvum í Úlfarsá. Árið 2018 var vísitala seiðapétteleika laxaseiða sú hæsta sem mælst hefur í Úlfarsá. Stangveiðin í Úlfarsá árið 2018 var 238 laxar sem er með því mesta sem veiðst hefur frá aldamótum, en þó undir meðalveiði tímabilsins 1974-2018. Meðalveiði hefur undafarin 10 ár legið nærri 200 löxum.¹⁰

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis birti skýrslu um ástand árinna og mengunarpætti árið 2003.¹¹ Náttúrulegt og raunverulegt ástand Úlfarsár var metið og áin flokkuð í mengunarflokk í samræmi við reglugerð nr. 796/199 um varnir gegn mengun vatns. Ennfremur voru settar fram tillögur um langtíma markmið fyrir ána og fyrirkomulag vöktunar. Könnunin var endurtekin 2009 og þá unnið eftir

⁸ Kristbjörn Egilsson (2000). *Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá*. Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna.

⁹ Jón S. Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Sesselja G. Sigurðardóttir og Stefán G. Stefánsson (1999). *Botndýr í Úlfarsá: Könnun í máí 1999*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit 54 2001.

¹⁰ Friðþjófur Árnason og Eydis Njarðardóttir (2018). *Vöktun á stofnum laxfiska í Úlfarsá árið 2018*. HV 2019-39.

¹¹ Tryggvi Þórðarson (2003). Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Úlfarsá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

sömu flokkun.¹² Niðurstöðurnar sýna að vatnið má telja ósnortið til lítt snortið m.t.t. mengunar. Niðurstöður sýna ögn hækkuð gildi (frá náttúrulegu ástandi) fyrir saurkólí bakteríur og málmana Ni og Pb. Ammóníak ($\text{NH}_4\text{-N}$) og heildar lífrænt efni (TOC) sýnir frávik frá náttúrulegu ástandi. Þessir þættir benda til áhrifa frá mannlegum umsvifum og landbúnaði. Endurtekin mæling 2009 sýndi hækkuð gildi í saurkólímengun. Næringarefnamengun er venjulega aðallega frá skólplosun og notkun og meðferð lífræns og ólífræns áburðar í landbúnaði. Ofanvatn í þéttbýli getur einnig tekið með sér talsvert af næringarefnum úr görðum og opnum svæðum og úrkoma ber með sér næringarefnamengun, aðallega köfnunarefni. Lífrænu efnin í vötnum verða ýmist til vegna framleiðslu efnanna í vatninu eða berast þangað frá vistkerfum á landi eða með mengun frá mannlegri starfsemi. Saurbakteríur eiga uppruna sinn í saur manna og dýra með heitt blóð. Magn þeirra í vatni er því beinn mælikvarði á saurmengun vatnsins. Náttúrulegur styrkur málma ræðst m.a. af jarðfræði og jarðvegsgerð. Málmar geta hinsvegar verið í margföldum náttúrulegum styrk þar sem mengunar gætir frá iðnaði. Zink og blý koma m.a. við dekkjaslit, úr vélaolíu og vélafæti en zink kemur einnig af sinkhúðuðu járn, s.s. bárujárn og blý auk þess við leguslit og úr kælivökvum.

Áhrif á Vistkerfi:


Aukin byggð mun þrengja að búsvæðum fugla. Lífríki Úlfarsár í heild getur beðið hnekki ef ekki er varlega farið enda vistkerfi vatna viðkvæmt fyrir mengun. Áhrif á náttúrufar og dýralíf eru talin talsverð neikvæð vegna aukinnar byggðar en draga má úráhrifunum með mótvægisáðgerðum. Uppbygging á svæðinu kemur til með að auka álag á ána. Ofanvatn frá athafnasvæðinu hefur áhrif á vatnsgæði án mótvægisáðgerða. Ófullnægjandi skólpkerfi geta haft í för með sér saurkólímengun.

Mótvægisáðgerðir:

Til að forðast neikvæð áhrif á lífríki árinna verður ofanvatn á yfirborði leitt í blágrænar ofanvatnslausnir áður en það fer í ána. Stærstur hluti ofanvatns fær að síast hægt í gegnum jarðveg í stað þess að vera leitt beint í ána eftir regnvatnslögnum. Settar verða reglur um notkun efna sem geta haft skaðleg áhrif á vatnið.

Bakkar árinna verða látnir óhreyfðir og þeim hlíft í sínu náttúrulega ástandi. Áin fær áfram að flæða yfir bakka sína sem hefur góð áhrif á lífríkið.

¹² Kristín Lóa Ólafsdóttir (2012). Vöktun Kiðafellsár, Leirvogsár og Úlfarsár árið 2009. Samantekt unnin fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.



Mynd 2.5 Myndin sýnir flóðaútbreiðslu fyrir flóð í Úlfarsá.

Unnið verður að vistheimt með því að leyfa lækjum að renna um yfirborð eftir svæðinu þegar það er komið í byggð. Lækurinn laðar að sér smádýralíf sem jafnframt hefur góð áhrif á fuglalíf svæðisins. Hluti þaka á byggingum verða gróðri vaxin og gegndræpar (grænar) hellur verða á hluta bílastæða. Í allt verður um 80% svæðisins áfram gróðri vaxið. Trjágróður verður áberandi í hinni nýju byggð og plantað verður tæplega 400 trjám af íslenskum uppruna á svæðinu. Við hverfisverndarmörk ofan ár verður komið fyrir göngustíg og fyrirstöðu með það fyrir augum að mynda votlendisfláka neðan byggðar.

Allt skólp verður leitt útaf svæðinu í hreinsistöð. Reglur verða settar um notkun efna. Reglur verða settar um notkun byggingarefna sem haft geta skaðvænleg áhrif.

Í ljósvistarSKIPulagi verða lagðar línur varðandi myrkurgæði og með því dregið úr truflun og álag á dýralíf svæðisins.

Í heild mun fjölbreytni í gróðurs og dýralífs aukast á svæðinu frá því sem nú er og áhrifin eru því metin sem talsverð jákvæð.



Mynd 2.6 Myndin sýnir að gróður mun skipa mikilvægan sess í skipulaginu og byggðin verða í um 100 m. fjarlægð frá árbakka.

Áhrif á vistkerfi verða talsverð jákvæð.

2.8 Umferð og samgöngur

Í dag markast útjaðar deiliskipulagssvæðisins af Vesturlandsvegi og Korpúlfsstaðavegi. Að öðru leyti eru engin samgöngumannvirkni á svæðinu og engin umferð.

Áhrif á umferð og samgöngur:

Aukning umferðar verður mikil og áhrif geta verið neikvæð. Draga má úr neikvæðum áhrifum umferðar með mótvægisáðgerðum. Athafnahverfi í Blikastaðalandi styður við markmið svæðisskipulags um uppbyggingu í jaðri borgarlandsins og eflingu almenningssamgangna.

Mótvægisáðgerðir:

Í *BREEAM communities* kerfinu er fjallað um mat á samgöngulegum þáttum skipulags. Við undirbúning verkefnis er gerð krafa um samgöngulega greiningu til að samgöngur í skipulaginu byggi á sjálfbærum lausnum eins og kostur er. Slík greining hefur þegar verið unnin. Unnið hefur verið samgöngumat (*Transport Assessment*) og ferðaáætlun (*Travel Plan*). Krafa um gerð slíkra skjala við skipulagsvinnu er leið til að meta og draga úr neikvæðum áhrifum af samgöngum og styðja við sjálfbærar samgöngur. Samgöngumatið er alhliða og kerfisbundið ferli sem setur fram samgöngumál sem tengjast fyrirhugaðri uppbyggingu. Ferlið skilgreinir ráðstafanir sem þarf til að bæta aðgengi og öryggi fyrir alla ferðamáta, einkum fyrir valkosti við bílinn, svo sem göngu, hjólríðar og almenningssamgöngur, og ráðstafanir sem

þörf verður á til að takast á við væntanleg samgönguleg áhrif af uppbyggingunni. Markmið samgöngumatsins er „Að tryggja að stefna fyrir samgöngur minnki áhrif svæðisins á þá samgönguinnviði sem eru til staðar og bæti umhverfislega og samfélagslega sjálfbærni gegnum samgöngur.“ Ferðaáætlunin er langtímaáætlun til að innleiða tillögur að sjálfbærum samgöngum í skipulagsferlið. Hún eru byggð á upplýsingum um áætluð áhrif af samgöngum vegna uppbyggingar og setja markmið til að stuðla að og hvetja til notkunar sjálfbærra samgöngumáta (eins og t.d. að stuðla að göngu, hjólræiðum, almenningssamgöngum og fjarskiptum). Hjólandi og gangandi umferð verður gert hátt undir höfði m.a. með góðu aðgengi og hjólastæðum. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafknúin farartæki. Valinn verður samræmingaraðili samgangna sem hefur það hlutverk að fylgja eftir þeirri langtíma áætlun sem sett er fram í ferðaáætluninni.

Borgarlína mun í fyllingu tímans liggja um svæðið og tekið er mið af því í skipulagi. Í bílastæðastefnu fyrir svæðið, sem byggir á bílastæðastefnu Reykjavíkur, er gert ráð fyrir 1195 bílastæðum sem viðmið. Mögulegt er að fækka þeim í 1195 með samnýtingu. Eldri reglugerðir myndu til samanburðar gera ráð fyrir 2345 stæðum fyrir svæðið.

Áhrif á umferð og samgöngur verða talsverð jákvæð.




Mynd 2.7 Myndin sýnir borgalínu og önnur samgöngumannvirki í Blikastaðalandi.

2.9 Heilsa og öryggi

Með skipulagi sem setur velferð notenda í forgrunn er ýtt undir heilsu og öryggi. Þetta á við um t.d. mengun í umhverfi fólks, slysavarnir almennt og umhverfi sem ýtir undir vellíðan t.d. með gróðri og fallegum mannvirkjum. Möguleikinn á að fara bíllaus um svæði og umhverfi sem ýtir undir daglega hreyfingu hefur mikið að segja. Engin byggð er á deiliskipulagssvæðinu. Hljóðmengun frá Vesturlandsvegi teygir sig inná skipulagssvæðið. Samkvæmt hljóðmælingum Eflu frá 2017 gætir umferðarhávaða næst vesturlandsvegi (>65dB(A)). Á stærstum hluta svæðisins er hljóðstig þó undir 60 desibílum.¹³

¹³ Efla verkfræðistofa (2018). Aðgerðaáætlun gegn hávaða. Minnisblað.



Mynd 2.8 Myndin sýnir hljóðstig við Vesturlandsveg og efri hluta deiliskipulagssvæðisins.

Áhrif á heilsu og öryggi:

Umferð og sérstaklega umferð stórra farartækja getur haft neikvæð áhrif á heilsu og öryggi. Hún hefur áhrif á hljóðstig og þar með vellíðan auk þess sem hún getur verið hættuleg vegfarendum og notendum svæðisins. Lýsing er einn af áhrifaþáttum heilsu og því er vaxandi áhersla á þann þátt við skipulagsgerð víða. Aðgengi fyrir alla er einnig áhrifaþáttur sem og möguleikinn á að geta farið um gangandi eða hjólandi. Aðgengi að opnum svæðum og göngustígum er áhrifaþáttur í þessu samhengi. Án mótvægisáðgerða getur skipulagið haft talsverð neikvæð áhrif á heilsu og öryggi.

Mótvægisáðgerðir:

Með deiliskipulaginu er ætlunin að halda skaðlegum áhrifum vegna hljóðmengunar í lágmarki með því að setja hraðatakmarkanir og skipuleggja byggð þannig að viðkvæmari starfsemi/byggingar verði í meiri fjarlægð frá hávaðasömum götum og jafnvel skermist af minna viðkvæmri starfsemi. Þar sem þurfa þykir verða settar hávaðavarnir sem falla vel í umhverfið.

Hugað verður vel að gangandi og hjólandi í hverfinu. Gangstéttar verða beggja vegna við allar götur og gangstéttir meðfram húsum. Borgarlínuásinn verður með hámarkshraða 40 km/klst og að stórum hluta verður ekki almenn bílaumferð meðfram ásnum. Hjólastigur verður meðfram Borgarlínuásnum og neðan við hverfið.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að hönnun lýsingar uppfylli staðla um heilsu og vellíðan og að velferð notenda svæðisins sé í forgrunni. Vandað verður til lýsingar og ljósastólpar og annar lýsingarbúnaður í samræmi við algilda hönnun. Með góðri hönnun verður dregið úr endurkasti og lýst upp það sem þarf að sjást með réttum áherslum.



Tryggt verði að hönnun verði í samræmi við algilda hönnun með auðveldu og einföldu aðgengi að húsnæði og lóðum. Það felur meðal annars í sér að sérstök áhersla er á vandaða hæðarsetningu og frágang á yfirborði, jöðrum og köntum og kröfum um halla á stígum, bílastæðum, við innganga og á dvalarsvæðum. Gætt verður að réttum merkingum á glerhurðum og gluggum, við annan búnað, hindranir, skilti, stólpa og kanta. Nægur fjöldi sérmerktra bílastæða sem uppfylla kröfur um stærð, merkingar verður til staðar.

Áhrif á heilsu og öryggi verða talsverð jákvæð.

2.10 Samfélag

Byggð hefur verið að þéttast við útjaðar höfuðborgarinnar. Blómleg byggð er risin í Úlfarsárdal á síðustu 20 árum og Grafarvogur er fullbyggður. Nokkrar stórar verslanir og þjónustufyrirtæki hafa raðað sér upp meðfram Vesturlandsvegi. Svæðið handan Korpúlfsstaðarvegar verður líklega framtíðar byggingarland Mosfellsbæjar.

Með aukinni byggð er það talinn vera samfélagslega jákvæður kostur að til verði atvinnutækifæri á sama stað. Það dregur úr viðamiklum flutningum á fólki með þjónustu og atvinnu í nærumhverfi. Vistvæn nálgun og grænt yfirbragð svæðisins mun ennfremur hafa samfélaglega jákvæð áhrif.

Áhrif á samfélag eru talin vera verulega jákvæð.

2.11 Náttúruvá

Áhrif á náttúruvá:

Hlýnandi veðurfari fylgir aukin úrkoma með hættu á flóðum.

Mótvægisáðgerðir:

Gert hefur verið flóðamat og reiknað að útbreiðsla Korpu vegna flóða fyrir allt að 200 ára endurkomutíma mun ekki hafa áhrif á byggðina. Ennfremur er búið að reikna út að þær ráðstafanir sem áformaðar eru við ofanvatnsstjórnun ráða vel við vatn úr hlíðum Úlfarsfells þrátt fyrir aukna úrkomu.

Áhrif á náttúruvá verða lítil sem engin.

2.12 Óbreytt landnotkun

Með óbreyttri landnotkun (núllkostur) verða ekki neikvæð áhrif á náttúruna. Óbreytt landnotkun mun hins vegar ekki stuðla að ýmsum þeim jákvæðu umhverfisáhrifum sem framkvæmd skipulagstillögunnar er líkleg til að hafa í för með sér, s.s. auknum efnislegum verðmætum, bættu atvinnulífi, verslun, þjónustu og jákvæðri íbúabróun



2.13 Samantekt umhverfispáttanna

Tafla 2.1 Samantekt umhverfispáttanna sem skipulagstillagan hefur áhrif á

Valkostir		Umhverfispáttir							
Texti	Ásýnd og landslag	Menningarminjar	Náttúruminjar	Grunnvatn/vatnafar	Vistkerfi	Umferð og samgöngur	Heilsa og öryggi	Samfélag	Náttúruvá
Skipulagstillagan	-	-	0	0	+	+	+	++	0
Núll kostur – engin byggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Skýringar við þessa töflu er sýndar í töflu 2, þar sem vægiseinkunnir eru skilgreindar.

á ásýnd og landslag eru metin



3 Vöktun/eftirfylgni

Vatn í Úlfarsá var metið og flokkað árið 2002. Flokkuninni var fylgt eftir með vöktunarmælingu 2009. Samvænt áætlun verður mælingin endurtekin með reglulegu millibili.

Seiðaástand laxastofnsins er metið árlega með talningu og rannsóknum. Veiðitölur eru skráðar og birtar.

4 Heimildir

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 – 2013 bls. 63 – 68.

Arkís. Verslunar- og athafnasvæði í Blikastaðalandi Skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag. Unnið fyrir Reiti, ágúst 2019.

Efla verkfræðistofa (2018). Aðgerðaáætlun gegn hávaða. Minnisblað.

Freya Sadarangani, James Stuart Taylor, Oddgeir Hansson og Magnús Á Sigurgeirsson (2005). *Fornleifakönnun í landi Úlfarsár*. Fornleifastofnun Íslands FS289-05231

Friðþjófur Árnason og Eydís Njarðardóttir (2018). *Vöktun á stofnum laxfiska í Úlfarsá árið 2018*. HV 2019-39.

Jón S. Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Sesselja G. Sigurðardóttir og Stefán G. Stefánsson (1999). *Botndýr í Úlfarsá: Könnun í máí 1999*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit 54 2001.

Kristjánsdóttir, Ó. (2019). *Samgönguskipulag og sjálfbærni*. Reykjavík: Vegagerðin.

Kristín Lóa Ólafsdóttir (2012). Vöktun Kiðafellsár, Leirvogsár og Úlfarsár árið 2009. Samantekt unnin fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Kristbjörn Egilsson (2000). *Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá*. Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna.

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Margrét Valmundsdóttir (2019). *Hamrahlíð í landi Blikastaða Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. ANTIKVA EHF 2019

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 24. gr.

Náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt á: <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Tryggvi Þórðarson (2003). Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Úlfarsá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

